


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Kíktu á Námuna á Facebook

2 fyrir 1 í bíó fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námuna A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Það er leikur að læra með Námunni.



Sara Snædis Ólafsdóttir,
Námufélagi og nemi í
lögfræði

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Gildir í kaupstöð, Svinuból, Háskóla- og Borgarbólum. Einn og sýnt með Námunni.

Laua: Dómar

Baldvin Z, leikstjóri Óróa, leikstýrði myndbandinu við Eurovision-lagið *This Is My Life* sem keppti árið 2008.



FYRIR ELDRA FÓLK EN BÆKURNAR

Handrit myndarinnar er skrifað af Baldvini Z. og Ingibjörgu Reynisdóttur en það er byggt á tveimur bókum Ingibjargar, Strákunum með strípurnar og Rótleysi, rokk og rómantik. Bækurnar voru gerðar með yngri lesendum í huga en í myndinni hefur aldur bæði persóna og markhóps verið hækkaður. Myndin verður frumsýnd 14. október.



BALDVIN Z. OG ATLI ÓSKAR ERU MED UNGLINGALINGÓIÐ Á HREINU

Mynd/Emir

Klámkynslóðin mætir til leiks á hvíta tjaldið

Í unglíngamyndinni **Óróa** sem kemur í október er ekkert skafið af hlutunum.

„Ég hef fengið mjög mikil viðbrögð við stíklunni en það hefur ekki verið sett sérstaklega út á orðbragðið,“ segir Baldvin Z. leikstjóri kvikmyndarinnar Óróa sem væntanleg er í kvikmyndahús. Fyrsta stíklan úr myndinni var sett á netið á dögunum en þar heyrir meðal annars í unglíngum ræða kynlífsathafnir, sem hugsanlega gætu látið eldri áhorfendum svelgjast á. Markmiðið með myndinni sé ekki að sjokkera fólk. „Ég vildi bara hafa þetta raunverulegt. Unglingar eru að gera alla þessa hluti. Ég er ekki að hvetja til unglíngadrykkju eða neins slíks en við dettum inn í þennan harða raunveruleika í myndinni,“ segir Baldvin. Handritið sé þó fyrst og fremst á tilfinningalegum grunni. „Hitt er bara krydd með.“

Fullorðinsmynd með unglíngum

Baldvin segist hafa miðað við það að gera mynd fyrir fullorðna með unglíngum í. „Unglingar hafa líka gaman af því vegna þess að þau eru svo sjaldan tekin alvarlega í íslensku bíói,“ segir hann, en viðurkennir að þótt hlutirnir hafi verið nokkuð svipaðir þegar hann var á sínu léttasta skeiði á tíunda áratugnum þá hafi leikararnir aðstoðað við að aðlaga handritið að unglíngasamtímanum. Einn af aðalleikurunum í myndinni, Atli Óskar Fjalarsson, sem er 18 ára, telur að lokaútkoman sé nokkuð nálæg raunveruleikanum. „Í byrjun var svolítið af orðum sem ungt fólk í dag er kannski ekki mikið að nota þannig að við hjálpuðum mikið við að leiðrétta

allskonar frasa sem okkur fannst kjánalegir svo þetta yrði náttúrulegt,“ segir Atli.

Frekjaðist þangað inn

Myndin er byggð á tveimur bókum eftir Ingibjörgu Reynisdóttur en hún fékk Atla til að lesa inn á hljóðbækurnar fyrir sig. „Ég hafði verið að tala aðeins inn á teiknimyndir og fór svo að lesa inn á hljóðbókina fyrir Ingibjörgu. Hún sagði mér að það stæði til að gera bíómynd eftir bókunum. Ég varð strax spennur fyrir henni og eiginlega frekjaðist bara þangað inn,“ segir Atli en leikstjórinn segir þó að ekki hafi þurft mikla frekju til þar sem hann hafi séð það á fyrsta samlestri handritsins að Atli væri rétti maðurinn í hlutverkið. Atli stundar nám í Tækni-

skólanum en segist nú ákveðinn í að vilja verða leikari og stefnir á leiklistarnám erlendis að stúdentsprófi loknu. Hann hefur fengið góð viðbrögð við stíklunni frá vinum og fjölskyldu. Allavega frá langflestum. „Litli bróðir minn sem er níu ára horfði á stíkluna og honum leist reyndar ekkert á þetta,“ segir Atli og hlær, enda sé myndin ekki ætluð börnum. „En fólk finnst svolítið skrytið að vera að fara í bíó og sjá besta vin sinn á skjánum. Og mér finnst það líka, satt að segja.“ Þá hafi honum fundist sérstakt að ganga fram á risastórt pappaspjald með mynd af sjálfum sér þegar hann fór í kvikmyndahús um daginn. Hann væri þó alveg til í að eignast spjaldið seinna meir. „Kannski nappa ég honum þegar myndin hættir í sýningu!“

Monitor mælir með

Í MALLAKÚTINN Habibi í Hafnarstræti býður upp á matarmikinn og framandi skyndibita. Við hvetjum alla til að smakka Sharmawarma kjúklingaréttinn sem er sá vinsælasti á matseðlinum.



Í SKARTGRIPASKRÍNID Í skartgripaversluninni Hringa á Laugavegi 33 er tilvalið að skreyta sig fyrir haustið. Fyrir náttúrubörn jafnt sem borgarottur



er nóg úrval, en laufhálsmen, skeljahringar og bílaeyrna-lokkar eru allt dæmi um frumlega hönnun Ingu Bachmann. Ef þú vilt festa minninguna um ógleymanlega ferð í berjamó á eyrunu eru bláberjalokkar góður kostur.

FYRIR HÁSKÓLANEMA Unisensei er ný íslensk vefsíða sem hjálpar ungu námsmönnum

ad sækja um skóla erlendis. Fylltu út eitt eyðublað og þeir sjá um afganginn. Flott framtak sem verður spennandi að fylgjast með.




Vikan á...

facebook



Arnar Grant
Tekur tvær æfingar í dag, en þú?

8. september kl. 9:00



Skjöldur Eyfjörð
ok lalala ok lalala ok ok ok eða eitthvað

14. september kl. 21:15



Gunnar Krossinum Þorsteinsson
Við erum heima hjónin

ad spjalla saman og slaka á. Við erum sammála um að við eigum mikinn fjáskjöld í þeirri ást sem Guð hefur gefið okkur. Við ætlum að njóta hennar og vera Guði þakklát.

14. september kl. 23:10



Sigríður Klingenberg
TÖFRAÐU FRAM BARNIÐ SEM

Í BRJÓSTI ÞÍNU BÝR.....
BARA HAFDU SKEMTILEGT OG SKILABOÐIN SKÝR....
HEIMURINN ER LEGÓLAND OG LITADÝRÐIN GJÖFIN....
SJÁÐU BARA LANDIÐ ÞITT HIMININN OG HÖFIN....
STÖNDUM BARA UPP OG GEFUM ÖLLUM KOSS...ÞÁ ALMÆTTIÐ BETUR MUN VINNA MEÐ OSS.*

15. september kl. 12:39

Feitast í blaðinu

Moses Hightower er eitt heitasta band sumarsins. Þeir verða á Októberfest. >>4

Stíllinn veltir fyrir sér hvort Lady Gaga sé klikkhaus, snillingur eða bæði? >>6

Baltasar Kormákur er uppteknasti maður í heimi. Hann er í viðtalinu. >>8

Drew Barrymore hefur átt einstaklega skrautlegan feril um ævina. >>12

Anna Svava Knútsdóttir leikkona þreytir þræl-skemmtilegt Lokapróf. >>14

Efst í huga Monitor

M Svöl íslensk tónlist á mbl.is

Októberfest verður haldið í næstu viku og **Monitor** er strax komið í gírinn. Af því tvefni fórum við með þrjú bönd í hljóðver og tókum upp lög og myndbönd með þeim. Afraksturinn verður birtur á **mbl.is** næstu daga. Þetta eru hljómsveitirnar **Moses Hightower**, **Ourlives** og **Lára Rúnars** og hljómsveit hennar.

Hver sveit tekur eitt lag eftir sig sjálfa og eitt tókulag. **Ourlives** tekur titillag plötu sinnar, **We Lost The Race**, og gerir ábreiðu af Haffa Haff-laginu **Give Me**

Sexy. Lára Rúnars tekur hið geysivinsæla lag sitt **In Between** og lagið **Hlið við hlið** sem Friðrik Dór gerði vinsælt. **Moses Hightower** tekur svo hið eitursvala **Bilalest út úr bænum** og gerir ábreiðu af FM Belfast-laginu **Underwear**.

Fyrsta myndbandið birtist fimmtudaginn 16. september og síðan birtist eitt myndband á hverjum virkum degi fram að **Októberfest** í næstu viku. Ekki missa af þessu á **mbl.is**!



Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is)

Signy Jónsdóttir (signy@monitor.is) **Auglýsingar:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson

Forsíða: Ernir Eyjólfsson **Grafík:** Elín Esther **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569-1136 **Netfang:** monitor@monitor.is





Vil hleypta að nýju andliti

Í vetur verður stokkað upp í Gettu Betur teymi Sjónvarpsins en nýr spyrill og nýr stigavörður eru komnir til sögunnar. Edda Hermannsdóttir tekur við spyrilhlutverkinu en Marteinn Sindri Jónsson er nýi stigavörðurinn sem reynir að feta í fótspor Ásgeirs Erlendssonar. En af hverju er Ásgeir hættur? „Ég var spurður hvort ég vildi vera áfram en ákvað að hleypta nýju andliti að þetta árið. Mér fannst passa vel að vera bara tvö ár sem stigavörður,“ sagði Ásgeir þegar Monitor náði tali af honum.



Hýrir bangsar á klakanum

Monitor bárust þó nokkrar tilkynningar um að birnir hefðu sést á nokkrum af helstu ferðamannastöðum landsins um síðustu helgi. Hópur bjarna sást þannig spóka sig í Bláa lóninu, við Gullfoss og Geysi. Við nánari athugun kom í ljós að téðir birnir voru gestir á bjarnarstefnunni Bears-on-Ice sem haldin er ár hvert. Birnir í þessu samhengi eru samkynhneigðir menn sem eiga það sameiginlegt að vera sterklegir, vel í holdum og gjarnan nokkuð loðnir. Nafnbótina björn bera þeir með stolti en hópurinn sem hingað kom þetta árið ku hafa verið hæstánægður með viðtökurnar í borginni.



MOSES HIGHTOWER verða á Ring Rokkfest 23. september



STEINI, DANNI OG MAGGI ÁSAMT BAKRADDASÖNGKONUNUM ÖNNU MARÍU OG LILJU BJÖRK

Mynd/Allan

Engin börn á leiðinni

Monitor ræddi við **Daníel Friðrik Böðvarsson**, gítarleikara í **Moses Hightower**, um fjölskylduhagi og frægðina.

Af hverju eruð þið allir svona ógeðslega góðir á hljóðfæri? Námið í FÍH var náttúrulega frábær grunnur en við vorum allir að læra þar. Svo er líka reynslan mikilvæg og við erum allir búnir að spila mjög mikið bæði saman og í sitthvoru lagi með ýmsum hljómsveitum.

Andri og Steini syngja líka eins og englar. Er falsettan hans Andra meðfædd? Ábyggilega en þeir eru líka þaulæfðir kórdrengir og sungu saman í Hamrahlíðarkórnum.

Fyrsta platan ykkar, Búum til börn, kom út á þessu ári við góðar viðtökur. Hefur einhver ykkar búið til barn? Ekki ennþá og ég held ég geti fullyrt að engin séu á

leiðinni. Textinn í laginu er reyndar ekki vísbending um fjölskylduhagi meðlima heldur meira svona ákall til fólks almennt.

Fylgja frægðinni einhver fríðindi? Nei alls ekki, ég er skítblankur eftir gerð plötunnar. Þetta er bara bölvad hark.

Spilið þið einungis poppaða soultonlist með afrotakti eða eigið þið ykkur dekkri hlið? Já við erum allir að vinna í annars konar tónlist en þessari. Steini var til dæmis söngvari í rokkhljómsveitinni Ókínd sem var dálítið þung.

Er eftirnafn Steingríms Karls Teague borið fram „tík“? Það eru

uppi ýmsar kenningar um það. Sumir segja „teik“ en við köllum hann allir Steingrím Karlík.

Nú eru einhverjir meðlimir sveitarinnar á leið út í heim. Hvað er að gerast? Ég er sjálfur að flytja til Berlínar og verð þar í námi næstu árin. Andri býr í Amsterdam þar sem hann er í námi. Steini og Maggi eru búsettir héra heima svo við verðum dreifðir um allan heim í vetur.

Hvað tekur við hjá Moses Hightower? Við spilum á Airwaves núna í október en svo líklega ekkert fyrr en um jólin. Ef allt gengur eftir getum við svo unnið að nýrri plötu í gegnum netið og tekið upp næsta

MOSES HIGHTOWER

Stofnuð: Vorið 2007.
Uppruni: Reykvikingar nema Andri sem er sveitastrákur.
Meðlimir: Andri Ólafsson (söngur/bassi), Daníel Friðrik Böðvarsson (gítar), Magnús Tryggvason Eliassen (trommur) og Steingrímur Karl Teague (söngur/hljómborð).
Plötur: Búum til börn (2010).
Þrjú góð lög: Búum til börn, Vandratað og Bílalest út úr bænum.

sumar en við erum vanir að vinna í mörgum löndum í einu. Fyrsta platan var að miklu leyti unnin í gegnum tölvupóst og Skype.

Hverju megur við búast við af Moses Hightower á Ring Rokkfest? Innilegri stemningu og þægilegu andrúmslofti.

hollt er gott

KJÚKLINGUR

alvöru grillaður kjúklingur

Grensásveg 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opíð alla daga 11:00 - 22:00

www.bkkjuklingur.is

Sundpartí, bílabíó og gervi-fullnægingar

Kvikmyndahátíðin RIFF hefst eftir rétta viku.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF, sem hefst í Reykjavík eftir rétta viku, býður upp á margt fleira en hefðbundnar sýningar í kvikmyndasölum en þar má finna allt frá fullnægingarkeppni til sundpartí. „Meðal þess sem við munum gera er að setja Sundhöllina í suðrænan búning og sýna þar myndina Some Like It Hot með Marilyn Monroe,“ segir Sigurður Kjartan Kristinsson, verkefnastjóri hjá RIFF. „Þar verða pálmatré og sandur á bakkanum, auk þess sem fyrirsætur munu sýna nýja sundfátalínu og bjóða upp á svalandi drykki.“

Þá verður boðið upp á ekta amerískt bílabíó í skjóli frá veðri og vindum í flugskýli 3 á Reykjavíkflugvelli. Þar munu gengilbeinur þeysast um á hjólaskautum á meðan Cry Baby verður sýnd á risatjaldi, en þá er ekki allt talið.

„Við verðum líka með fullnægingarkeppni á Næsta bar í tengslum við spænsku heimildarmyndina Fake Orgasm sem fjallar um risastóra fullnægingarkeppni í Barcelona,“ segir Sigurður en á undan mun Uppi-stöðufélagið vera með uppistand.

RIFF-rútan ferðast svo þessa dagana á milli háskóla og menntaskóla og veitir forskot á sæluna með stuttmyndasýningum.

Miðasala á RIFF fer fram í Eymundsson í Austurstræti, á sýningarstöðum og á Riff.is, en armband er þó hvorki nauðsynlegt né fullnægjandi skilyrði fyrir aðgangi að ýmsum atburðum á borð við þá undangreindu.





Mynd/Eyþór

SIGURÐUR STENDUR Í STRÖNGU VIÐ LOKAUNDIRBÚNING FYRIR RIFF

Skólatilboðið

10 mánaða
skólakort fyrir 15-25 ára
á aðeins 3.890 kr.
á mánuði

+ Gjafir
frá



SAFFRAN



KJÚKLINGUR



TENNISHÖLLIN
Kópavogi

serrano
HAFDU ÞAD GOTT

Líkami&Lífsstíll

Hair Doo



Wellness

ELDHÚSIÐ

SPORTSÓL

PLAYERS
KÓPAVOGUR

maður lífandi

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

„Þau geta ekki hrætt mig ef ég hræði þau fyrst.“
- Lady Gaga



LADY GAGA ER EKKI BLIND ÞÓ HÚN GANGI OFT MED SÓGLERAUGU INNI



Alveg gaga í fatavali

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan **Lady Gaga** gaf út sitt fyrsta lag og fataval hennar hefur tekið stökkbreytingum

Bandaríska söng- og listakonan **Stefani Joanne Angelina Germanotta**, betur þekkt sem **Lady Gaga**, hefur heldur betur breyst frá því hún skaut upp á stjörnuhimininn með laginu *Poker Face* árið 2008. Það verður ekki frá **Gaga** tekið að hún hefur mjög sérstakt fataval og hvert sem hún kemur nær hún að fanga athygli fólks. Þótt hún hafi ætíð verið sérstök í fatasmekki var hún mun látlausari í byrjun. Hver man ekki eftir hárslaufunni og íturvöxnu svörtu sógleraugunum hennar, þröngum kjólum og pleather-göllum? Í dag er hún hins vegar komin á það stig að klæðast kjól sem búinn er til úr kjóstykkjum.

Lady Gaga er upprunalega dökkhærð en aflitaði hárið sitt af því að margir rugluðu henni saman við **Amy Winehouse**. Eftir að hún varð blondína var henni ruglað saman við **Christinu Aguilera**, en **Christina** sagðist ekki hafa hugmynd um hver **Gaga** væri og að hún hafi ekki vitað hvort um væri að ræða karl eða konu. Viðbrögð **Gaga** við þessum ummælum voru þau að hún sagðist helst af öllu vilja senda **Christinu** blóm, þar sem ummæli hennar hafi hjálpað til við að gera hana fræga.

Lady Gaga kallar aðdáendur sína litlu skrímslin og hefur fengið sér húðflúr sem á stendur „litlu skrímslin“ til heiðurs þeim. Hún er með fimm önnur húðflúr um líkamann, þar á meðal friðarmerkið á úlnliðnum og segir **Gaga** það vera tileinkað **John Lennon** sem hún segir vera hetjuna sína.

Lady Gaga hefur viðurkennt að lagið hennar *Poker Face* hafi fjallað um það að hún sé tvíkynhneigð. **Gaga** á fullt af samkynhneigðum vinum og hefur talað um að hún fái mikinn styrk frá þeim og að þeir hjálpi henni ef henni líður illa.

Lady Gaga er óneitanlega frumkvöðull á sínu sviði, ekki síst í fatavali. Á MTV-tónlistarverðlauninum sem haldin voru síðastliðinn sunnudag vann **Gaga** átta verðlaun. Næsta plata hennar er væntanleg á næsta ári og mun hún bera nafnið *Born This Way*.



KJÓTKJÓLLINN GERÐI ÚTSLAGIÐ. KONAN ER KLIKKUÐ!



SYNGUR UM DISKÓSTÖNG SEM DISKÓKÚLA



KRÚTTLEG KLÆDD Í SÁPUKÚLUR



ÚTI AÐ BORÐA MED LÍMBAND Á GEIRVÖRTUNUM OG HUMAR Á HAUSNUM



KLÆDD SEM DJÓFULLINN AÐ HITTA ENGLANDSDROTTNINGU



Stjörnustríð

Söngkonan **Mary J. Blige** og leikkonan **Drew Barrymore** klæðast hér báðar gólfsíðum gulllituðum kjól eftir hönnuðinn Catherine Malandrino. Kjöllinn lúkkar betur á **Drew** og fer húðlit hennar og líkamsbyggingu betur. Báðar hafa þær valið síða eyrnalokka við kjöllinn, sem gerir mikið fyrir hann þar sem hálsmen væri of mikið. Þarna fer hálsinn að njóta sín hjá báðum, enda eru aukahlutir ekki nauðsynlegir. **Drew** ber þó sigur úr býtum.

Leikkonan smáa **Alyssa Milano** klæddist þessum fallega röndóttu kjól eftir **Corey Lynn Calter** þegar hún fór út á lífið á dögunum. Leik- og söngkonan **Dianna Agron** klæddist sama kjól á frumsýningu í þessum mánuði. Stílnum finnst skórnir hennar **Dianna** passa mun betur við þennan 50's-lega kjól þar sem þeir eru settlegri. Einnig er **Dianna** með mjög þykkar eyeliner, sem gerir heildarlúkknið mjög kvenlegt og glæsilegt.

Leikkonan **Julianne Hough** var í látlausum en sætum svörtum kjól frá **Camilla and Marc** á MTV-tónlistarverðlauninum. **Fergie** klæddist hins vegar sama kjól fyrir nokkrum mánuðum á frumsýningu myndarinnar **Nine** sem hún lék einmitt í. **Julianne** ber kjöllinn betur þar sem hann fer líkamsbyggingu hennar mun betur. Kjöllinn virkar svolítið skritinn um barminn hjá **Fergie**. Einnig eru skór **Julianne** flottari en skórnir hennar **Fergie**.

Kórallitaði kjöllinn frá **Rachel Roy** hefur heillað bæði **Kim Kardashian** og **Tyra Banks**. Kjöllinn virðist vera aðeins styttri á **Tyru** og kemur betur út á henni þar sem **Kim** virðist vera örli tillibbiti í sínum kjól. Þær völdu þó báðar jarðtónaða skó við sem er mjög viðeigandi í þessu tilfalli. Hins vegar hefur **Kim** ekki alveg verið með opin augun í töskuvali og ákvað að velja skræppt veski við sinn kjól sem Stílnum finnst ekki vera að gera góða hluti.



Nú hefur þú ástæðu til að BROSA

Extra kynnir nýja bragðtegund, Professional White Citrus
í Sumarpartý Extra, Monitors og Heklu.

Partýið verður í Hekluhúsinu Laugavegi 174
fimmtudaginn 16. september milli kl. 18.00 og 20.00.
Endilega mættu með þitt bros á vör...



Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tek Skagafjörðinn hundrað sinnum frá Hollywood

Baltasar Kormákur er með fjölmörg spennandi kvikmyndaverkefni í bígerð, bæði hér heima og í Bandaríkjunum. Allur frítími hans fer í fjölskylduna, hestana og... Pacman!?

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Ernir Eyjólfsson

bjornbragi@monitor.is
ernir@mbl.is

Baltasar Kormákur er fimm barna faðir og býr í Skagafirði með eiginkonu sinni Lilju Pálmadóttur. Hann nýtir hverja frístund í faðmi fjölskyldunnar og hestanna. Frístundirnar eru þó af skornum skammti, en allt bendir til þess að Baltasar sé uppteknasti maður landsins. Í næsta mánuði frumsýnir hann myndina *Inhale* sem var gerð í Bandaríkjunum og hann hefur nýlokið tökum á íslensku myndinni *Djúpið* sem áætlað er að frumsýna um áramótin. Þá mun hann leikstýra myndinni *Contraband*, sem skartar Mark Wahlberg í aðalhlutverki, en það er endurgerð myndarinnar *Reykjavík-Rotterdam* sem Baltasar lék sjálfur aðalhlutverkið í. Baltasar er einnig framleiðandi myndarinnar *Sumarlandið*, sem er frumsýnd um helgina, og þá hefur hann í hyggju að gera svaðalega víkingamynd áður en langt um líður.

Leikarinn, leikstjórinn, handritshöfundurinn og framleiðandinn. Hvaða hlutverk kanntu best við?

Ég er leikstjóri af ástríðu. Ég skrifa til að geta leikstýrt og ég framleiði líka aðallega til að geta leikstýrt. Leiklistin er bara dýrt áhugamál sem ég bregð fyrir mig öðru hverju, en ég lít ekki á mig sem leikara í leit að vinnu.

Þú ert að fara að leikstýra endurgerðinni af Reykjavík-Rotterdam úti í Bandaríkjunum. Hvernig er staðan á því?

Hún er í startstöðu og er eiginlega á gula ljósinu ef svo má að orði komast. Það var verið að biðja mig um að koma til New Orleans á mánudaginn næsta. En það getur allt breyst og þegar þetta blað kemur út gæti ég verið búinn að fréttu eitthvað allt annað. En þetta lítur mjög vel út. Það eru komnir fjármagnsaðilar og það er komin stjarna.

Mark Wahlberg leikur aðalhlutverkið, ekki satt?

Mark Wahlberg er staðfestur. Við erum búnir að hittast og hann er búinn að vera trúr verkefninu frá upphafi. Svo erum við að ráða í hin tvö stóru hlutverkin. Það er komin flott stelpa sem ég get reyndar ekki greint frá strax hver er.

Hvað heitir myndin og milli hvaða borga verður farið?

Vinnutillinn er *Contraband* sem er enska orðið yfir smygjavörning. Hún á að gerast í New Orleans og það verður farið til Panama. Þetta gengur mjög vel upp og myndin lagast vel að þessum aðstæðum.

Contraband er ekki fyrsta verkefnið þitt úti. Í október verður myndin *Inhale* frumsýnd. Segðu mér aðeins frá henni.

Þetta er mynd sem ég gerði í Nýju-Mexíkó. Þetta er hörkuþriller með alvarlegum undirtóni sem fjallar um ólöglegt smygl á líffærum. Þetta er dökkur heimur sem við kynntum okkur mjög vel og lásam mikið um. Ég fór til Juarez í Mexíkó, en þar höfðu fundist fjölmörg lík sem búið var að taka líffærin úr. *Inhale* er gerð hjá sjálfstæðu fyrirtæki fyrir litla peninga miðað við amerískan mælikvarða. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð hingað til. Hún opnaði að minnsta kosti fyrir mig dyrnar að því sem er að gerast núna.

▲▲ Ég ætlaði lengi að verða dýralæknir og var kominn inn í skóla í Liverpool þegar ég datt inn í Leiklistarskólann.

Kemur aldrei fyrir þig, þegar þú ert í kringum þetta lið og Mark Wahlberg er í öðru horninu og Forest Whitaker í hinu, að þú hugsar: „Hvað í fjandanum er ég að gera hérna?“

Veistu nei, eiginlega ekki. Það er kannski frekar þegar maður er á settinu í Bandaríkjunum með einhverja 50 feta trukka og svakalega búninga að maður hugsar: „Hvað er ég búinn að koma mér í núna?“ Ég man eftir þessari tilfinningu fyrst þegar ég fór og leikstýrði Hárinu í Barcelona. Þá sat ég með 50 Katalónum við borð og hugsaði: „Jæja, nú ertu búinn að koma þér í þetta.“ En mér finnst alveg jafn gaman að vinna með íslenskum leikurum. Ingvar Sigurðsson og Ólafur Darri eru líka frábærir og stórir leikarar. Þetta er alveg sama skepnan hvort sem manneskjan er búin að fá fullt af peningum fyrir að leika eða ekki. Kikkið mitt er alveg jafn mikið.

Ólafur Darri er einmitt í aðalhlutverki í *Djúpinu* sem er enn ein myndin sem þú ert að gera. Hvenær er hún væntanleg?

Við erum nýbúin að klára tökum, en svo á ég reyndar eftir örfáa daga í vetrartökum. Ætlunin er að frumsýna hana eftir áramót að öllu óbreyttu. Þetta er búið að vera geggjað ævintýri. Við höfum tekið upp úti á sjó og neðansjárvar og vorum í Vestmannaeyjum lengi, sem var frábært. Djöfulla fila ég Vestmannaeyinga. Algjörlega magnað lið.

Hvað er svona frábært við Vestmannaeyinga?

Þeir bara bera sig svo vel og eru mannalegir. Koma upp að manni og segja: „Blessaður, gaman að þú sért hér.“ En eru lausir við allan smeðjuskap. Stundum lendir maður í því að fólk verði hálfseimið við mann eða asnalegt. Þarna eru allir bara öruggir með sig og góðir og gestrisnir. Þetta er einn skemmtilegasti staður sem ég hef tekið upp á. Fyrir utan hvað það er allt ógeðslega flott þarna.

Finnst þér Íslendingar vera sökkerar gagnvart frægu fólki?

Ætli þetta sé ekki bara eins hér og alls staðar annars staðar í heiminum. Þess vegna er hressandi að koma á svona stað þar sem fólk er ekkert feimið við að viðurkenna að það þekki mann. Það heilsar manni bara eins og gömlum frænda, en svo er ekkert ætlast til neins frekar. Þetta er svolítið sérstök aðstaða og maður lendir í þessu sjálfur þegar maður hittir fólk sem er mjög þekkt. Manni finnst maður þekkja það betur en maður gerir í raun og veru á meðan viðkomandi þekkir þig ekki neitt. Ég sé þetta sjálfur þegar ég hitti fólk sem er enn frægara, eins og útlenskar stjórnur. Svo er svo fyndið þegar tveir þekktir hittast á Íslandi og vita báðir hver hvor annar er. Við vitum kannski báðir hver hinn er og það er einhverj veginn ákveðið að heilsast, sem er hálfasnalegt af því að við þekkjumst ekki neitt.

Verður þú fyrir böggi frá Íslendingum?

90% er bara fólk sem er vinalegt og er kannski að þakka manni fyrir myndirnar manns eða eitthvað slíkt. Á leiðinni í þetta viðtal kom full kona að mér og vildi taka utan um mig. Það var bara vinalegt og allt í lagi. Ef maður hins vegar er innan um fólk sem er mjög drukkið þá getur maður lent í leiðinlegum aðstæðum. Svo er bara spurning hvort fólk kann að leysa úr þessu. Það var mikill lærdómur fyrir mig að sjá hvernig Forest Whitaker dilaði við þetta, þegar ég var að vinna með honum. Hann var bara svo almennilegur við alla og þar af leiðandi lenti hann aldrei í vandræðum. Svo hef ég séð frægt fólk sem verður pirrað og þá bara eyðileggur það daginn fyrir sjálfu sér. Það er líka annað, þú kýst þér þetta líf sjálfur og verður bara að læra að lifa með því. Það var enginn sem neyddi þig til að verða áberandi á Íslandi eða í heiminum.

HRADASPUNINGAR

Leikari sem þig langar að leikstýra?
Cate Blanchett. Hún er ekki bara besta leikkona í heimi, hún er besti leikari í heimi.



Uppáhaldsborg? Það er helvíti góður fílingur í New York. Ég fíla London líka vel. En ætli Hofstós sé ekki best?

Besta hestanafn sem til er? Stormur er hestanafn sem ég var alltaf mjög hrifinn af og var raunar svo hrifinn af því að ég skýrði son minn því nafni, í höfuðið á hesti.

Idolið þitt á yngri árum? Ég var rosalega hrifinn af leikstjórum eins og Peter Weir, Milos Forman, Ridley Scott og Mikhailov. Ég hef aldrei litið upp til leikara eins og ég geri til leikstjóra.



Uppáhaldsmatur? Ég er rosalega veikur fyrir spænskum mat, kannski af því ég er svolítið alinn upp á honum. Það voru alltaf jól þegar pabbi og mamma komu frá Spáni. Þegar ég fer til Spánar byrja ég bara að slefa.

Ef þú værir ekki að vinna í kvikmyndum eða listum, hvað værirðu að gera? Ég ætlaði lengi að verða dýralæknir og var kominn inn í skóla í Liverpool þegar ég datt inn í Leiklistarskólann. Ætli ég væri ekki að vinna við eitthvað slíkt.

Frægasta nafnið í símanum þínum? Eigum við að tékka á því? (Baltasar tekur upp símann og flettir í gegnum símaskrána.) Ari Matt... Diane Kruger... Forest Whitaker... James Newton Howard... Ætli það sé ekki Ari Matt?

Hvað með fjölmiðla? Það birtust mjög neikvæð skrif um þig um daginn þar sem því var haldið fram að þú og kvikmyndafyrirtæki þitt væri stórskuldugt og ættuð í miklum deilum.

Já, ég fékk einhverja drulludembu yfir mig frá DV sem var ofboðslega ósanngjörn og röng. Lygar hreinlega. Að ég væri stóðugt í deilum og skuldaði út um allt. Þetta er bara kjaftæði. Kvikmyndafyrirtækið mitt skuldar ekki neitt og ég hef alltaf staðið í skilum við alla. Það var verið að velta sér upp úr þessum bruna á Neskaupstað sem er löngu búið að ganga frá með samningum og ég borgaði fyrir. Ef þeir gerðu vandan díl við mig þá er það þeirra vandamál.

Það hefur líka verið talað um A Little Trip To Heaven í þessu samhengi.

Það er alveg rétt að *Little Trip* gekk ekki eins vel fjárhagslega og vonast var til. En það var gengið frá öllu gagnvart öllum. Ég tók ekki laun fyrir hana og tapaði peningum á henni sjálfur. Allir sem komu að þessu verkefni vissu alveg hvers konar áhættu þeir voru að fara út í. En mér leið alveg hræðilega á þessu tímabili þegar hlutirnir gengu ekki upp. Ég svitnaði á næturnar, svaf ekki í heilan mánuð og fannst þetta hryllilega erfitt. Ég er náttúrulega vanur hinu, að hlutirnir gangi vel og því var þetta svakalega erfitt tímabil. Því miður gekk þessi mynd ekki upp fjárhagslega, en fyrirtækið er í finum málum. Svo er búið að snúa þessu öllu á hvolf og í andhverfu sína og segja að maður sé að hlaupast undan skuldum. Það er bara fullkomið kjaftæði. Það gleymist í umræðunni að ég átti aðeins 25% í þessu fyrirtæki, en ef einhver stóð þarna og kláraði þakann þá var það ég.

Það hefur verið talað um að það verði ekkert af hinni margumtöluðu víkingamynd sem þú ert með í vinnslu.

Já, ég held það séu einhverjir kollegar mínir sem eru að halda þessu fram, þeim þykir svo vænt um mig að þeir vona að ég þurfi ekki að gera hana. Ég er

am yfir

með samning við stórt fyrirtæki og það hefur ekki tilkynnt neitt slíkt opinberlega. Ástæðan fyrir því að við byggðum settið svona snemma er sú að við viljum að það veðrist og líti ekki út eins og nýttálgaður viður. En um leið og maður er farinn af stað getur maður ekki falið þetta fyrir fjölmiðlum á Íslandi og þá byrja menn að spyrja hvort myndin sé ekki að koma. Víkingamyndin er verkefni af stærðargráðu sem hefur ekki verið unnin áður hér á landi og það mun taka tíma að klára þetta. Ef þau plön sem eru í gangi núna ganga ekki eftir þá geri ég þessa mynd bara minni eða á íslensku. Þetta er ekkert föst stærð. Eina manneskjan sem getur tekið þá ákvörðun um að myndin verði ekki gerð er ég sjálfur. Eins og staðan er núna þá lítur þetta dæmi mjög vel út.

Í viðtali við þig í breska blaðinu Guardian fyrir tveimur árum er haft eftir þér að samband þitt við Ísland sé eins og erfitt hjónaband og þú bæði elskir það og hatir. Hvað hatar þú við Ísland?

Þetta er eitthvað gamalt, í dag elska ég það bara. Það sem ég var kannski að meina er að verstu vetrarmánuðina er þetta svolítið hatursfullt samband, en um leið og þú ert kominn í burtu langar þig ekkert annað en að koma til baka. Ég held að þetta sé algengt með Íslendinga. Þú vilt komast í burtu en um leið viltu hvergi annars staðar vera. Því meira sem ég hef haft kost á því að vera úti að gera það sem mér sýnist þá elska ég þetta land meira.

Það hljómar eins og þú sért uppteknasti maður í heimi. Hefurðu einhvern tíma fyrir fjölskylduna og áhugamálin?

Áhugamálið mitt er fjölskyldan. Ég geri allt til að vera sem næst börnunum mínum og reyni að tengja þetta svolítið saman. Ég var með syni mína með mér í Vestmannaeyjum í sumar og réð bara ungrú Norðurland, hana Kristínu Leu, til að passa þá svo að þeir væru glaðir. Þeir eru ekkert ósvipaðir föður sínum. Þegar ég var í Nýju-Mexíkó að gera Inhale var ég með annan soninn með mér. Öllum frístundum eyði ég fyrir norðan með fjölskyldunni minni. Þar eru líka hestarnir og hestamennskan er mikið áhugamál hjá mér. Ég setti bara allt annað til hliðar. Ég seldi Kaffibarinn og er bara í þessu, að reka fyrirtækið mitt og búa til bíómyndir og einbeiti mér að því að vera fjölskyldumaður.

viðtalið

■ ■ Ég gleymdi þriðja rakstrinum áðan, þess vegna er ég með svona mikið skegg núna.

BAÞHAFASARTRÁKUR

Þetta er svolítið eins og með íslenska sjómenn, ég er mikið heima þegar ég er heima. Ég klippi til dæmis mikið í Skagafirðinum og skrifa þar. Auðvitað er sárt að vera lengi að heiman, en þetta er lífið sem ég valdi.

Eyðirðu tímanum aldrei í algjöra vitleysu? Kemur aldrei fyrir að þú leggst bara niður og ferð í Snake í símanum þínum?

Ég fer stundum í Pacman. Ég er náttúrulega af þeirri kynslóð sem er ekkert inni í tölvuleikjum, en stundum þegar ég nenni ekki að hugsa þá fer ég í Pacman á netinu. Svo spila ég líka fótbolta og reyni að halda mér í formi á sumrin með því að spila fótbolta. Ég er líka dottinn inn í að horfa á UFC og box og svona. Það er furðulegt hvað það getur verið slakandi að horfa á ofbeldi.

Er draumurinn að meika það í Hollywood?

Já já, ég hefði ekki á móti því að mér gengi vel þar. En það verður þá að vera á mínum forsendum. Ekki til þess að verða einn af stúdíóruslatunnunum sem gera hvað sem er af því þeim vantar fyrir næstu kókaínrónd. Draumurinn minn er að geta unnið jöfnum höndum þar og hér á landi og þá væri æðislegt að komast í hóp með stórkostlegum leikstjórum. En þetta er eitthvað sem ég missi ekki svefn yfir á næturnar. Ég á fimm börn, búi í Skagafirðinum og ég er ekkert að fara að flytja þaðan. Ég tek Skagafjörðinn hundrað sinnum fram yfir Hollywood. Ég er búinn að vera mikið úti og það hrífur mig ekki í sjálfu sér. En það hrífur mig að vinna við svona aðstæður og geta gert verkefni af ákveðinni stærðargráðu. Sérstaklega ef maður kemst í gott efni. Maður heyrir fólk stundum segja að það myndi aldrei gera mynd í Hollywood, en oftast er það fólk sem hefur aldrei verið boðið það. Þetta er svolítið eins og að segjast ætla að hafna stelpu sem er löngu búin að segja þér upp. Eða að afþakka að mæta í partí sem manni var aldrei boðið í.

Þú ert búinn að leikstýra og framleiða í Hollywood. Langar þig ekkert að leika sjálfur í Hollywood?

Ef það kæmi til á réttum forsendum. Ég lít á mig sem leikstjóra í fullri vinnu og hef ekki þannig ambísjónir sem leikari að ég nenni að eltast við það. En mér finnst mjög gaman að leika og ef mér yrði boðið eitthvað hlutverk sem vekti áhuga minn myndi ég slá til. Það vantar alltaf einhverja hryðjuverkamenn.

Já, þú þarft ekkert að hafa neitt svakalega mikið fyrir því að detta í hryðjuverkalúkkið.

Nei. Þegar við vorum að taka upp Hafíð á Neskaupstað var Pálmi sonur minn tveggja ára. Ég var búinn að vera í tvo mánuði í tókum og var orðinn talsvert skeggjaðri en ég er núna. Svo var hann heima hjá sér að horfa á sjónvarpið með mömmu sinni og það kom mynd af Osama Bin Laden á skjáinn. Þá benti hann á sjónvarpið og sagði: „Pabbi!“ Þá fattaði ég að ég þyrfti að raka mig og fara heim.

Hvað þarftu að raka þig oft á dag?

Að minnsta kosti þrisvar sinnum. Ég gleymdi þriðja rakstrinum áðan, þess vegna er ég með svona mikið skegg núna.

Þú ert hálfur Spánverji. Er mikið spænskt eðli í þér?

Þegar ég fæ spænskan mat er eins og eitthvað hafi gleymst. Þá er eitthvað sem vaknar upp. En ég er miklu meiri Íslendingur þó ég líti meira út eins og Spánverji. Ég er lopapeysa að innan, en Spánverji að utan. Sviðahaus með chilisósu, þetta er svoléiðis blanda. Mér finnst gaman að fara til Spánar, en mig hefur aldrei langað til að flytja þangað. Íslenskar heiðar hafa miklu sterkari áhrif á mig.

Pabbi þinn er listmálari og sonur þinn er farinn að leika. Er þetta í blóðinu?

Ég hugsa að þetta sé bæði í blóðinu og uppeldinu. Það er ekki eins og pabbi hafi alið mig upp til að verða leikstjóri, en það var bara einhvern veginn svo sjálfsagður hlutur að vinna við og lifa á því að skapa. Þegar ég var að alast upp var stundum til matur heima og stundum ekki og það var bara allt í lagi. Þegar pabbi seldi ekki málverk þá borðuðum við baunir. Það er ekkert til þess að kvíða fyrir eða vera hræddur við. Ég held að margir alist upp við að vera hræddir við að leggja fyrir sig listina. Ég er ekkert viss um að öll börnin mín fari út í þetta, en þau hafa öll hæfileikana til þess.

Myndirðu þigga hlutverk í Avatar 2 ef James Cameron bæði þig um að leika sjálfan þig og karakterinn myndi kallast Avatar Kormákur?

Ekki spurning. Ég myndi gera það með glöðu geði. Sérstaklega ef ég fengi að vera berrassaður með rófu.

Einhvern tímann heyrði ég að þú hafir átt að leika aðalhlutverkið í Sódómu Reykjavík á sínum tíma.

Já ég átti upphaflega að leika aðalhlutverkið í Sódómu en var svo hafnað. Óskar Jónasson var búinn að biðja mig um að gera þetta, en svo skipti hann um skoðun af því honum fannst ég of sætur. Þess vegna sagði ég við hann þegar hann bað mig um að leika aðalhlutverkið í Reykjavík-Rotterdam: „Ég geri ráð fyrir að það sé ekki vandamál lengur.“

Er Björn Jörundur þá svona miklu meiri lúði? Ekki spurning (hlær).

Segðu mér að lokum einhverja myndna bransasögu.

Það kemur fyrst upp í hugann þegar ég var í tókum á Djúpinu um daginn og var svo mál að míga þegar við vorum að taka upp niðri á höfn. Ég fór á bak við gám og pissaði þar. Um leið og ég var byrjaður kom gámabíll og tók gáminn, þannig að ég stóð þarna beint fyrir framan tókuliðið með allt niður um mig. Þetta var eins og lélegt grínatriði í bíómynd.



▲▲ Óskar Jónasson var búinn að biðja mig um að gera þetta, en svo skipti hann um skoðun af því honum fannst ég of sætur.

HVAÐ FINNST ÞÉR SKEMMTILEGT? ANDROID FYRIR ALLA



LG Optimus

Mörg þúsund frí smáforrit á Android Market™

3,0" snertiskjár

3,2 megapixla myndavél

Tónlistarspilari og FM útvarp

Videóspilari (Divx og Xvid)

GPS og WiFi

Tölvupóstur með ActiveSync

Flýtleiðir á vefsamfélög (Facebook, Twitter o.fl.)

Android stýrikerfi á íslensku



og samstarfsaðilar þeirra um land allt

Vissir þú að það er **Drew Barrymore** sem talar fyrir heilalausu ljóskuna **Jillian Russell**, kærustu **Brians**, í þáttunum **Family Guy**?

FERILLINN



Drew Barrymore

Hæð: 163 sentimetrar.
Besta hlutverk: Casey Becker í myndinni *Scream* (1996). Eitt af eftirminnilegri upphafsatriðum kvikmyndasögunnar.
Eitruð tilvitnun: „Ég var von að horfa í spegil og skammast mín. Núna horfi ég í spegilinn og gjörsamlega elska mig.“
Skrýtin staðreynd: Drew Barrymore er yngsta manneskjan sem hefur verið gestastjórmandi *Saturday Night Live*, en hún var aðeins sjö ára þegar hún gerði það, árið 1982. Hún er jafnframt sú kona sem oftast hefur verið gestastjórmandi, alls sex sinnum.

1975 Fæðist 22. febrúar í Kaliforníu-fylki.

1982 Kvikmyndin *E.T. frumsýnd* og er hún í stóru hlutverki í myndinni. Myndin nýtur ótrúlegra vinsælda og er á meðal þekktustu mynda allra tíma.

1988 Fer í sína fyrstu meðferð 13 ára gömul.

1994 Giftist velka barbjóninum Jeremy Thomas. Þau skilja ári síðar.

1995 Flassar brjóstunum fyrir David Letterman í kvöldþætti hans í tilefni af afmæli hans. Atvikið vekur mikla athygli.

1998 Leikur á móti Adam Sandler í *Wedding Singer* sem slær rækilega í gegn. Í kjölfarið leikur hún í fjölmörgum rómantískum gamanmyndum.

2001 Giftist grínistanum Tom Green. Þau skilja ári síðar.

2007

Hættir með Strokes-tromm-aranum Fabrizio

Moretti og byrjar skömmu síðar með leikaranum Justin Long. Þau hafa síðan leikið saman í tveimur myndum, *He's Just Not That Into You* (2009) og *Going the Distance* (2010).

2009 Preytir frumraun sína sem leikstjóri þegar hún gerir myndina *Whip It*. Myndin fær fina dóma.



KARTAN GUDJÓNSSON OG HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR Í HLUTVERKUM SÍNUM


Frum-sýningar helgarinnar

Sumarlandið

Leikstjóri: Grímur Hákonarson.
Aðalhlutverk: Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Magnús Torfi Magnússon.
Lengd: 87 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Regnboginn.



Sumarlandið fjallar um venjulega fjölskyldu í óvenjulegum rekstri. Húsmóðirin er virtur miðill og er auk þess í góðu sambandi við álfheima. Eiginmaður hennar sér um að markaðssetja hæfileika hennar og hefur einnig lagt mikla peninga í að koma upp draugasafni í kjallaranum. Þegar hann selur þýskum sérvitringi álfastein í garðinum þeirra fer að halla undan fæti hjá fjölskyldunni og hann þarf að grípa til sinna ráða.



ÞÚSUNDKALL Á AÐ ÞAU ENDI SAMAN Í LOK MYNDARINNAR

Going the Distance

Leikstjóri: Nanette Burstein.
Aðalhlutverk: Drew Barrymore, Justin Long og Christina Applegate.
Lengd: 100 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni og Akureyri.



Rómantísk gamanmynd um fjarbúðarsamband sem gæti verið þess virði að leggja allt í sölnurnar fyrir. Garrett (Long) er að ná sér eftir sambandsslit þegar hann hittir Erin (Barrymore) og eiga þau eftirminnilegt sumarævintýri í New York. En þegar hausta tekur snýr Erin aftur á heimaslóðir í San Francisco. Það sem átti að vera stutt ástarævintýri breytist í skrautlegt fjarbúðarsamband sem ýmsir vilja standa í vegi fyrir að fái að blómstra.



Komdu í klúbbinn sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er

Viltu komast í útvalinn hóp fólks sem velur ekta hönnun og varast eftirlíkingar? Þá er ekta Vespa frá Piaggio eitthvað fyrir þig. Komdu og skoðuðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á vespur.is og vertu með í MC Vespa hópnum á Facebook.

Verð frá 489.000 kr.

Reynslan er góð!



Komdu í partí!

Jón Jónsson verður í Hekluhúsinu
fimmtudaginn 16. september
milli kl. 18 og 20.

DJ Helgi og DJ Sammi
munu einnig þeyta skífum.



Sigurvegarrinn í keppninni
um Extra-brosið verður
krýndur og hlýtur hann
að launum glæsilega
Vespu LX 50.

Gestum og gangandi verður
boðið upp á svalandi Topp
og geta unnið skemmtileg-
glaðninga. Þá verður hægt
að prufukeyra Vespu á
staðnum.

Komdu og fagnaðu með
okkur og hlustaðu á góða
tónlist í Hekluhúsinu,
Laugavegi 170.



MONITOR





KAUP HLAUP

15.-19. september

Kauphlaup er hafið í Smáralind með fullt af frábærum tilboðum á nýjum vörum.

Nú er um að gera að skreppa í Smáralind, gera góð kaup og fata sig upp fyrir veturinn.

Sjáumst í Smáralind!

Skoðaðu Kauphlaupsblaðið á smaralind.is



Opið til 21!

Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

LOKAPRÓFIÐ

9. september 2010



Ég heiti **Anna Svava Knútsd.** Það sem fáir vita um mig er **hvað ég er sykla hrædd.**

Þú veist hver ég er því ég þú **Íslander svölitið.**

Að ég hafi verið fengin til að skrifa handritið að Makalaus-sjónvarpsþáttunum er
 a) Svölitið skrytið í ljósi þess að ég hata Tobbu.
 b) Viðeigandi því ég á engan maka.
 c) Blekking. Ég er með gimp í kjallaranum hjá mér sem skrifar allt fyrir mig.
 d) Því ég er svo maka-láust skemmtileg.

Þið hafið séð mig í auglýsingum fyrir Fjarðarkaup, en vituð ekki að
 a) Ég versla aldrei nokkurn tímann í Fjarðarkaupum sjálf.
 b) Ég fékk meira en milljón fyrir að leika í þessum auglýsingum.




c) Ég er líka búin að skrifa undir samning um að auglýsa Bónus, Þína verslun og 10-11.
 d) Allt af ofantöldu er rétt.

e) Ég versla vöðva spaklan og Ísskápinn minn er alltaf farnur.
 Það leiðinlegasta sem ég veit er að bida, er opulinn með.

en það skemmtilegasta sem ég veit er að vera kríngum skemmtilegt felk.

Besta Annan fyrir utan mig er
 a) Anna Frank.
 b) Anna Nicole Smith.
 c) Kofi Annan.
 d) Anna í Grænuhlíð.
 e) Anna Kournikova.
 f) Anna Kristjáns
 Af því að **hún er svo flúppuð að hata valio sér þetta nafn af öllum heimilinum.**
 Ef ég væri ein af stelpunum í Sex & the City væri ég:
 a) Charlotte.
 b) Samantha.
 c) Carrie.
 d) Miranda.

... en líða spurning.



Minn stærsti draumur er að leika á móti **Ingva Hrafníu INN** af því að **Hrafníu er fundnast sjónvarps-þáttur sem ég hef séð.**
 Besta kvikmynd allra tíma er að sjálfsgöðu **fullt**

en sú lélegasta er **Avatar.**

Lagið sem lýsir mér best er
 a) Girls Just Wanna Have Fun með Cyndi Lauper
 b) Waka Waka með Shakiru
 c) Feel My Body með Ásdísi Rán
 d) Það geta ekki allir verið góðjöss með Páli Óskari og Memfismafiunni
 e)



Núna langar mig mest af öllu í
 a) Barn
 b) Bjór
 c) Bíl
 d) Belju
 Vegna þess að **þú á ég alltaf mikið.**

Ekki spyrja mig um **landafræði** en ég er hins vegar sérfræðingur í **ad ferðast.**

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég velja **Rod Stewart**

til að leika mig en líklega verður það samt **Tinna Lín-kona mín þú. Hún skilur mig.**
 Innst inni dreymir mig um að
 a) Verða fræg í Hollywood.

b) Gefa leiklistina upp á bátinn og stofna rækjuveiðifyrirtæki með Bubba Morthens.
 c) Verða fræg í Bollywood.
 d) Leika í fleiri auglýsingum.
 e) Skata peningum.

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég **skrifa bida Haldor Hrafníu að semja hana fyrir mig.**

Síðast en ekki síst

» Skúli Jón Friðgeirsson knattspyrnumaður hjá KR fílar:

Kvikmynd Star Wars IV, V og VI eru myndir sem ég horfi ansi oft á. Algjör meistarastykki og ég á alltaf bágð með að trúa því að fyrsta myndin hafi komið út árið 1978. Af hverju þurftu þeir samt að eyðileggja þetta með nýju myndunum?



Sjónvarpsþátturinn Gossip Girl og ég skammast mín ekkert fyrir það! Reyndar hafa þeir þann ókost að maður bálvar fataskápnunum sínum eftir hvern einasta þátt en ég verð víst bara að gera mér grein fyrir því að ég mun aldrei verða jafn svalur og Chuck Bass.



Bókin Galdrastrákurinn Harry Potter er mikill vinur minn og við höfum átt margar góðar stundir saman.





Platan Various times in Johnny's life er fyrsta plata tónlistarmannsins Mumma. Ég er ágætis kunningi Mumma litla og á plötunni kemur í ljós að hann getur ekki aðeins leyst flóknar stærðfræðiformúlur og skorað ljót mörk heldur líka samið alveg svaðalega skemmtilega tónlist.



Vefurinn Baggalutur.is er uppáhalds stoppið mitt á netrúntinum vegna þess að þegar ég er búinn að lesa Baggalút líður mér alltaf betur. Fréttirnar þarna eiga líka sök á mörgum hlátursköstum í mínu lífi.

Staðurinn KR-völlurinn. Þar líður mér alveg ofsalega vel, sérstaklega núna þegar mótið er að klárast, við erum að geta eitthvað og fullt af fólki á vellinum. Þá er alveg rosa mikið stuð að vera í Frostaskjólínu.



Allir ligeglád á Dönsku kránni

Den Danske Kro er hugguleg krá í Ingólfsstrætinu sem var stofnuð fyrir rúmu ári. Eins og nafnið gefur til kynna er danskt þema á staðnum og þar ríkir mjög afslappað andrúmsloft. Nóg er um að vera á Dönsku kránni bæði um helgar og í miðri viku. Trúbadorar sjá um að skemmta gestum öll kvöld vikunnar og einnig er Happy Hour milli kl. 16-19 alla daga en þá er bjór og léttvín á 2 fyrir 1 tilboði. Monitor spjallaði við Dagmar Erlu Jónasdóttur, vaktstjóra á Dönsku kránni, og kynnti sér betur hvað kráin býður upp á.



“Við erum með margfa fastakúnnu sem komu á hverjum degi eftir vinnu og fá sér bjór á Happy Hour,” segir Dagmar en einn þeirra hefur nú gengið svo langt að merkja sér eitt borðið á staðnum.

Sunnudagur

Hangover Night
„Við erum með sérstakt þynnkutilboð á bjórnum á sunnudagskvöldum til að fólk geti jafnað sig almennilega eftir helgina en þá er bjórinn á tilboði, Kim Larsen í græjunum og allir voða ligeglád.“

Mánudagur

Skotadagur
„Vinnuvikan byrjar vel hjá okkur en mánudagar eru skotadagar á Dönsku kránni. Þá eru öll skot á 500 kall og svo auðvitað Happy Hour eins og alla daga vikunnar milli kl. 16-19.“

Miðvikudagur

Pop-quiz
„Hreimur stjórnar Pop-quizi hvern miðvikudag og þá er alltaf fullt út úr dyrum. Í pop-quizinu skipar fólk sér í 2 lið eða fleiri og keppast um verðlaunin sem eru ekki af verri endanum. Sigurvegarar kvöldsins, ásamt þeim sem lenda í öðru og þriðja sæti, fá bjór beint af barnum í verðlaun. Sumir fastakúnnar taka keppnina mjög alvarlega og undirbúa sig dögum saman fyrir spurningakeppnina. Þeir sem tapa þurfa þó ekki að örvænta því bjórinn er á tilboði á miðvikudagskvöldum.“

Fimmtudagur

Magni
„Magni sem var áður í Á Móti Sól spilar fyrir gesti á fimmtudagskvöldum og heldur uppi stuðinu langt fram á kvöld.“



SKEMMTANA EFTIRLIT
DEN DANSKE KRO

“Á virkum dögum er þiluspjaldið mjög vinsælt en við bjóðum gestum einnig að fá lánaða spilastokka eða Yatsy til skemmtunar.”

Mynd/Golli

fílófaxið

fimmtudagur **16** sept

AMUSEMENT PARKS ON FIRE

Sódóma
21:00 Þessi breska indie-rokksveit stoppar við á Íslandi á leið sinni til Bandaríkjanna þar sem hún heldur í tónleikaferð til að kynna nýjustu plötu sína, Road Eyes. Miðaverð er 1.200 krónur.



DIRTY SIDE PARTÍ

Austur
22:00 Haffi Haff býður í partí í tilefni útkomu smáskífu sinnar Dirty Side. Haffi Haff og ýmsir gestir tröða upp. Frjár veigar á boðstólum og aðgangur er ókeypis.

föstudagur **17** sept



LJÓTU HÁLFVITARNIR

Rosenberg
22:00 Ljótu hálfvitarnir blása til hausttónleika sem eru í og með kveðju- og fjórflunartónleikar fyrir Færeyjaferð sem þeir hyggja á í lok mánaðarins. Miðaverð er 2.000 krónur.

RAVEN

Klassíski listdanskólinn
20:00 Danshópurinn Raven sýnir tvö verk um helgina, þau eru Hulda, falið verkefni og Hrefna. Sýningarnar fara fram í Klassiska listdanskólanum bæði á föstudags- og laugardagskvöld klukkan 20 og er miðaverð 1.000 krónur.

laugardagur **18** sept

FLÓAMARKAÐUR

Völuteig 11, Mosfellsbæ
11:00 Sannkölluð flóamarkaðs-stemning verður í Völuteignum frá 11 til 17 en einnig frá 12 til 17 á sunnudaginn.

GANGA GEGN KYNÞÁTTAFORDÓMUM

Skólavörðustígur
14:00 Íslendingar sameinast gegn fordómum að frumkvæði Jóns Gnars, háttvirts borgarstjóra. Gangan hefst efst á Skólavörðustíg og gengið er niður að Ingólfsstorgi þar sem tónleikar fara fram.

LEIKANDI LAUGARDAGUR

Bókabúð Máls og menningar
15:00 í bókabúð Máls og menningar við Laugaveg hefur síðustu mánuði verið boðið upp á tónleika á laugardagseftirmiðdögum. Að þessu sinni verður tónlist í boði MH klukkan 15 en klukkan 17 mun hljómsveitin Nóra tröða upp.

VIÐ ELSKUM ÞESSAR...

Nasa
23:00 Sjóðheitar tónleikar þar sem allir helstu forkálfar R&B-senunnar á Íslandi koma saman. Það eru Blaz Roca, Emmisjé Gauti, Friðrik Dór, DJ Danni Deluxe, Steindi Jr. og Ásgeir og Kristmundur Axel. Miðaverð er 1.000 krónur og fer hún fram í verslunum Levi's og á midi.is.

VARSJÁRBANDALAGIÐ

Faktorý
23:00 Ekta austur-evrópsk tónlist í flutningi uppklæddra tónlistarmanna. Miðaverð er 1.000 krónur inn. DJ Biggi Maus þeytir skífum á neðri hæðinni.



PÁLL ÓSKAR

Hlégarður
23:00 Páll Óskar gerir allt vitlaust fram á nótt á balli á vegum handknattleiksdeildar Aftureldingar. Miðaverð er 2.500 krónur.



ROKK PÖNK METALL

Sódóma
23:00 Lokatónleikar í tónleikabrennuni Rokk Pönk Metall en hér koma fram Changer, Vicky og Morðingjarnir. Húsið opnar klukkan 21 en tónleikarnir byrja klukkan 23. Miðaverð er 1.000 krónur.



Steindi Jr.

Ég ætla ábyggilega að spila COD í Playstation alla helgina. Er nefnilega með þvítík kills þessa dagana. Svo er jafnvel möguleiki á að ég kúki eitthvað út í bjór.



Helgin mín

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

FROYO
Fitulítill Ferskur Jógúrtis

Jógúrtisinn sem sló í geng í USA
Núna á Íslandi

Nýr frábær Jógúrtis ferskari og fituminni Fituinnihald minna en 1% Fjöldi spennandi bragðtegunda

Yfir 40 tegundir af fersku og spennandi meðlæti



Hollusta & Ferskleiki FroYo jógúrtis fæst aðeins í

Ávextir - Hnetur - Granola - Nammi

Ísbúðinni Álfheimum 4
Sími 568 0050 · froyo@simnet.is

FroYo jógúrtis er á Facebook





Ring Rokkfest

fimmtudaginn 23. september

Dagskrá Oktoberfest:

Ring Rokkfest
23. september

Oktoberfest
24. september

Sveitaball
25. september



www.facebook.com/ringjarar



SHÍ

